

Kennsluleiðbeiningar með bókinni

# Hlývindi

Ljóð og laust mál eftir Stephan G. Stephansson

Baldur Hafstað tók saman




Skólavefurinn 2009

## Inngangur

Þessum leiðbeiningum er ætlað að auðvelda kennurum í efstu bekkjum grunnskóla notkun bókarinnar *Hlývindi* sem er úrval texta Stephans G. Stephanssonar, Klettafjallaskáldsins. Farin er sú leið að benda á hvaða kvæði og prósatextar gætu hentað hverjum árgangi.

Lagt er til að nemendurnir sjálfir kynni efni bókarinnar og miðast leiðbeiningarnar við það. Hlutverk kennarans yrði þá að útdeila verkefnum og hafa yfirumsjón með starfinu en láti nemendur í aðalatriðum undirbúa kynningu sína (t.d. á skólasafni) og annast flutninginn. Þetta stuðlar að sjálfstæðum vinnubrögðum. Ætlast er til að allir nemendur bekkjarins fái að spreyta sig á verkefnum sem þeir fá úthlutað. Þannig mætti tala um Stephans-vökur í hverjum bekk. Tveggja til fjögurra manna hópar sjá um kynningarnar, og vel kemur til greina að sami hópur komi fram oftár en einu sinni. Þetta fer m.a. eftir stærð bekkja og fjölda texta sem hópurinn fengi til umfjöllunar hverju sinni. Það er í valdi kennarans að ákveða slíkt og eins það hvernig þessum kynningum yrði dreift á stundatöfluna.

Mikið er lagt upp úr flutningi og textaskilningi. Þannig er mælt með að nemendur lesi kvæðin (og styttri prósatexta) frammi fyrir bekknum eftir að hafa æft flutninginn vel og fengið áður blessun kennara. (Benda má á að allir viðkomandi textar eru lesnir upp á skólavefurinn.is og getur verið gott fyrir nemendur að hlusta á þá þar meðan á undirbúningi stendur.) Þá er lagt til að nemendur setji allar vísur og kvæði í eðlilega orðaröð ef einhver vafi leikur á um skilning; þeir fletti einnig upp öllum torskildum orðum. Þannig mun viðkomandi hópur öðlast fullan skilning á því efni sem honum hefur verið úthlutað til kynningar í bekknum.



Um prósatextana er það að segja að þeir mundu nýtast sem kveikja að umræðu, ekki aðeins um bókmenntaleg atriði heldur einnig um ýmis samfélagsleg og stílfræðileg efni. Ævisögubrotin veita auk þess mikilvægar upplýsingar um tímabil vesturferða beggja vegna Atlantsála.

Hugmyndir Stephans G. eiga jafnmikið erindi til okkar og þær áttu þegar þær voru fyrst settar fram. Þær eru að vissu leyti óháðar stund og stað, hafnar yfir dægurþrasið. Stephan var í rauninni hámenntaður heimspekingur og samfélagsgagnrýnandi sem setti hugmyndir sínar í skáldlegan búning raunsæismannsins. Hann var sannfærður um að þetta væri einmitt hlutverk skáldanna: að orða snjalla hugsun sem best, þannig að hún næði að hrífa fólkið og hvetja það til viðbragða. Hann var bjartsýnismaður sem vildi lækna mein samfélagsins.

Líf Stephans G. var ævintýri líkast: bláfátækur flyst hann til Vesturheims og vinnur hörðum höndum alla ævi en tekst samt að kynna sér hugmyndir mestu andans manna og setja í skáldlegan og rammíslenskan búning.

## 8, 9. og 10. bekkur bekkur

- Inngangurinn.
- Sjö hópar (allir nemendur bekkjarins lenda í hóp)
- hver hópur fær sinn kafla í inngangi til að kynna sér og gera skil frammi fyrir bekknum. Best væri að ljúka þessu af í einum tíma. (Hóparnir vinna þá undirbúningsvinnuna daginn áður í tíma eða á skólasafni).

## 8. bekkur

### Bls. 28: Hugur og hjarta

Æfið ykkur í að lesa upphátt. Einn úr hópnum (sem þið veljið) les síðan þessa vísu fyrir bekkinn. Látið vísuna vera sýnilega á glæru meðan á umfjöllun stendur.

Umfjöllun: Orðin hugur og hjarta notar Stephan G. gjarnan til að tákna vit (hugur) og tilfinningar (hjarta). Í þessu felst að þarna þurfi að vera jafnvægi á milli. Ræðið aðeins um það hvernig færi ef við létum „hjartað ráða för“ (en hugsuðum ekkert um hvaða afleiðingar það gæti haft).

Tengið aftansól við elli og morgunroða við æsku. Með öðrum orðum: bendið á hvernig Stephan G. lætur fyrirbæri í náttúrunni tengjast mannum: hann persónugerir náttúruna; og morgunn og kvöld renna saman við æsku og elli. Ræðið um mikilvægi þess að allar kynslóðir vinni saman en einangrist ekki hver frá annarri.

### Bls. 30 Íslenskur kveðskapur

Byrjið á að setja í eðlilega orðaröð og hugsanlega bæta inn orðum til glöggvunar.

Dæmi: Allt sem [hún] hefur lifað, [nánar tiltekið] hugsun sína og hag, hefur hún sett og skrifað í ljóð.

Skýrið orðið *baga* (vísa) og skýrið orðasambandið *að vera upp í lófa lögð*: einhverjum er eitthvað *í lófa lagið*: eitthvað er mjög auðvelt.

Útskýrið hvað Stephan á við í seinna erindinu. Það leynist þarna hvatning til samtímans: Ef við hlustum á kveðskap og ljóð (ef við lifum okkur inn í skáldskap og bókmenntir) kynnumst við okkur sjálfum, landi okkar og sögu.

### Bls. 48 Framþróun

Það er ekki fráleitt að skoða þessa vísu á fermingarárinu. Stephan G. var ekki trúmaður í venjulegum skilningi orðsins. En hann trúði á hin góðu öfl í lífinu, sólskinið í mannum. Kristna trú, barnatrú sína, kallar hann hér „alheimskunnar trúna“. Hann var gagnrýninn á allar kreddur. Deilur kirkjunnar manna í samfélagi Vestur-Íslendinga áttu þátt í því að Stephan gerðist fráhverfur öllu kirkjustarfi.

Ræðið í framhaldi af þessu um trúarofstæki og mikilvægi umburðarlyndis í trúmálum.

## Bls. 54 Bæn Skagfirðings

Þetta kvæði mætti tengja vísunni *Framþróun*. Stephan beitir hér kaldhæðni. Hann talar eins og hann sé trúaður og ákallar Drottin; ræðir um annað líf o.s.frv. En hann meinar ekkert með þessu, hann talar um hug sér; þetta er háð og góðlátleg kímni.

Stephan gerir hér grín að sjálfum sér fyrir það að hann fer ekki alltaf eftir ströngustu bragrelgum í stuðlasetningu. Samkvæmt ævagamalli hefð stuðla skáldin hv- við h-. En Stephan stular oft hv- við k-. Það stafar af því að hann var ekki alinn upp við hv-framburð eins og t.d. Rangæingar. Rangæingar báru hv- fram með h-hljóði og datt því ekki í hug að stuðla hv- við k-. Þess vegna vill Stephan verða Rangæingur í næsta lífi.

## Bls. 58 Baslhagmennið

Vísan er ort árið 1899, tíu árum eftir að Stephan fluttist frá Norður-Dakota til Markerville í Albertafylki í Kanada. Vekið athygli bekkjarins á forminu: vísan er ort undir ferskeyttum hætti, algengasta og alþýðlegasta bragarhætti okkar.

Vísuna mætti tengja sérhæfingu nútímans. Stephan var bóndi í einangraðri sveit og varð að treysta mjög á sjálfan sig (öll þjónusta, eins og t.d. lækniþjónusta, langt utan seilingar). Höfum einnig í huga að Stephan naut engrar skólagöngu og þurftu því að vera sinn eigin kennari. Þið gætuð bent á að Stephan sé hér eins og Robinson Krúsó, næstum verkfæralaus landnemi í nýjum heimi.

## Bls. 66 Fjölskyldulífið

Reynið að bregða upp þessari sviþmynd með því að setja í leikrænan búning. Það kannast flestir við eitthvað svipað: hávær börn og þreytta foreldra.

Bendið á að hér er sennilega slegið met í lýsingarhætti nútíðar.

## Bls. 68 Barnaskólinn

Í þessu kvæði er deilt á skólana og „kerfið“. Skáldið líkir lífinu í barnaskólanum við óhollustu, sjúkdóma og mennignarleysi. Kjarni kvæðisins birtist í miðerindinu þar sem fram kemur að skynjun og skilningi er úthýst en ofuráhersla lögð á minnið og utanbókarlærdóm, páfagaukslærdóm. Það vantar með öðrum orðum alla gagnrýna hugsun í skólana. Ræðið í framhaldi af þessu um hlutverk skólanna og rökstyðjið þá fullyrðingu að skólarnir eigi að *mennta* nemendur, ekki bara að *fræða* þá.

Bendið á þjóðsagnaminni í kvæðinu (útburðasögur!)

## Bls. 145 – 151 Ferðasagan

Fjórir hópar, hver með sinn kafla. Hver hópur endursegir með eigin orðum efni síns kafla. Reynið að líta upp af blöðunum, helst að tala blaðalaust en nota minnispunkta til öryggis. Þetta þarf að æfa vel til að framsögnin verð áheyrileg og spennandi. Allir í hópnum þurfa að fá að spreyta sig (hver nemandi taki við af öðrum í frásögninni). Allir hóparnir ljúki sér af í sama tímanum.

## Bls. 239–242 Kærleikur og Sanngirni

Það er algengt að skáldin persónugeri dauða hluti, fyrirbæri og jafvel hugtök. Hér veltir Stephan G. fyrir sér hugtökunum *kærleikur* og *sanngirni* og persónugेरir þau. Eins og þið sjáið á bls. 239 er vegið að orðum sjálfs Jesú Krists með því að gera lítið úr kærleikanum. Notið ykkur þetta í umfjöllun ykkar og segið álit ykkar á því. Hvort haldið þið hér með Stephani G. eða Kristi?

En byrjið á því að lesa söguna frammi fyrir bekknum og látið alla í hópnum ykkar hafa hlutverk. Skýrið torskilin orð.

Ræðið síðan um söguna og bendið meðal annars á að líta megi á hana út frá jafnréttissjónarmiði. Sanngirnin (kvenkyn) fer halloka fyrir Kærleikanum (karlkyn). Rökstyðjið með öðrum orðum þá fullyrðingu að í sögunni sé deilt á kynjamisrétti.

## 9. bekkur

### Bls. 32 Uppörvun

Einhver úr hópnum les kvæðið frammi fyrir bekknum í byrjun og síðan les einhver annar kvæðið eftir að þið hafið fjalla um það. Hafið kvæðið jafnframt sýnilegt á glæru. Gætið þess í upplestrinum að hafa eðlilegar áherslur. Leggið hæfilega mikla áherslu á ljóðstafi. Dæmi Lát óm þinna hljómfalla opna þér dyr/ í íslensku kotin.

Ræðið um hofsbrennur. Það er þekkt úr fornum sögum okkar að hof hafi verið brennd (kristnir menn brenndu heiðin hof); það gerist t.d. bæði í *Njáls sögu* og *Kjalnesinga sögu*. Greinið félögum ykkar frá því hvers konar hof er brennt í þessu kvæði: hof heimskunnar. Það á að brenna í eldi háðsins. Við eigum með öðrum orðum að eyða heimskunni með háði. En jafnframt eigum við að sýna miskunn og manndáð.

Skýrið orðið *hugdirfa*. Það merkir að gera djarfan, hleypa kjarki í. Skýrið síðan tvær seinni línurnar í 2. erindinu: Þetta er lofsöngur til móðurmálsins. Við eigum að hafna þeirri kenningu að móðurmálið, sem fyrr veitti okkur kjark, sé gagnslaust tæki (brotinn herlúður).

Í síðasta erindinu er huggeranum (t.d. prestinum) stillt upp andspænis skáldinu. Reynið að svara eftirfarandi spurningu: Hvers vegna eru skáldin svona mikilvæg?

### Bls. 43 Vögguvísur

Þetta er ekki venjulegt vögguljóð. Best er að fá tvo úr hópnum til að æfa lesturinn. Sögumaður les fyrstu tvö erindin en „fóstran“ les síðan það sem eftir er. Fóstran er Ísland, landið þar sem barnið fæðist. Hún biður það að sofa sem lengst. Hún ræðir um að fólkið meti ekki hæfileika skálda og listamanna en leggi meira upp úr efnislegum gæðum. Segja má að kjarni kvæðisins birtst í 5. og 6. erindinu þar sem m.a. er talað um að við séum reiðubúin að selja Geysi og þiggja krónur fyrir skyldleika okkar við hinn heimsfræga Snorra Sturluson. Bendið á hliðstæður við þessa hugsun úr nútímanum. Tengjið háðið í kvæðinu við þá umræðu sem nú fer fram í þjóðfélaginu.

Í háði felst gjarnan að menn tala um hug sér, segja eitthvað þveröfugt við það sem þeir eiga við. Ræðið í þessu ljósi orðin í síðasta erindinu: „Láttu skáldið aldrei vakna“. Hvaða boðskap vill Stephan G. flytja okkur með þessu ljóði? Reynið að svara þeirri spurningu frammi fyrir bekknum (notið hugtökin *efnishyggja* og *andleg verðmæti* í umfjöllun ykkar).

## Bls. 46 Fullkomleikinn

Í umræðu um þetta kvæði mætti leggja áherslu á þá staðreynd að það er mannlegt að vera ófullkominn. Hvernig væri lífið ef allir væru fullkomnir?

Hvaða málsháttur gæti átt við um 2. braglínu í 2. erindinu? (Vísbending: í málshættinum kemur fyrir orðið *fararheill*.)

Rökstyðjið þá fullyrðingu að orðin *framfara auður* séu lykilorð í kvæðinu.

Skýrið orðin: Og heiminn ei bagar um heilagleik enn,/en hann þyrfti stærri og göfugri menn.

*einhvern bagar um eitthvað*: einhvern vanhagar um eitthvað, vantar eitthvað

## Bls. 72 Menntamennirnir

Lesið orðskýringarnar í bókinni og greinið bekknum frá þeim, helst á glæru við hliðina á kvæðinu. Best væri að geta búið einn úr hópnum í klæði svipuð þeim sem lýst er (þið kannist við myndir af nemendum sem útskrifast ú háskólum í Ameríku eða Bretlandi). Vandíð flutning kvæðisins.

Ádeila Stephans beinist hér að þeim háskólagengnu mönnum sem geta ekki lengur myndað sér sjálfstæða skoðun: þeir eru allt of háðir því sem þeir voru látnir lesa í háskólanum og gera ekki annað en þylja það sem aðrir hafa þegar sagt. Búningur þeirra við brautskráningu úr háskóla finnst Stephani vera aðhlátursefni. Höfum í huga að þeir sem útskrifuðust úr háskólum fyrir meira en einni öld voru aðallega karlmenn. En búningurinn minnir á kvenmannskjóra.

## Bls. 74 Útþynningar

Sami hópur og var með *Menntamennina* taki þessa vísu fyrir í framhaldinu. Útskýrið fyrir bekknum að sama hugsunin felist í báðum textunum. Rökstyðjið þá fullyrðingu að hér sé deilt á þá sem ekki búa yfir sjálfstæðri og gagnrýninni hugsun, þori ekki að segja eigin skoðun. Ræðið í framhaldi af því hvað mikilvægt sé að beita gagnrýninni hugsun í mannlegu samfélagi.



## Bls. 79 Greniskógurinn

Lesið það sem fram kemur í athugasemdum á bls. 81. Stephan G. lýsir í kvæðinu kanadískri náttúru; við kynnumst hér vel náttúruunnandanum Stephani. Höfum í huga að ósigldir Íslendingar þekktu ekki greniskóga á þessum tíma. Grenitréð verður tákn hins kraftmikla og djarfa sem horfir til beggja átta (niður í fúafenin og upp í gula og gróðurlausa brekkuna). Fúafenin verða tákn þeirra andlausu en gula brekkan táknar hroka mannanna. Lauftrén, sem missa lauf sitt á haustin, eru eins og vofa í samanburði við sígrænt grenið. Bendið á að hér renna maður og náttúra saman í eitt. Því má segja sem svo að enda þótt erfiðleikar sæki að mannum (veturinn er þá tákn erfiðleikanna) missir hann ekki vonina. Hann bognar ekki en brotnar að lokum eins og allt sem er dauðlegt.

Bendið einnig á að lauftrén tákna þá sem hefur verið hlaðið undir og stjánað við (lauftrén vaxa nær láglandinu þar sem jarðvegur og loftslag er betra en ofar í hlíðunum þar sem grenið vex). En samt fer svo að lauftrén standast ekki andstreymi lífsins (missa lafið og verða nakin og grá).

Leggið áherslu á vonina í þessu kvæði og í lífinu – það er von í þessu lífi ef við reynum að vera eins og grenitrén.

## Bls. 84 Kveldið fyrir hretið

Byrjið á að setja fyrri hluta vísunnar í eðlilega orðaröð (sjá athugasemdir á bls. 85). Orðið *drótt* merkir hér fólk (í fornu máli tengist orðið gjarnan konungshirð, sbr. *dróttkvæði*: lofkvæði um konunga. Orðið *drottinn*: konungur, höfðingi fólksins er skylt orðinu drótt).

Hér lítur bóndinn til veðurs seint á sumri. Honum sýnist sem hret sé í nánd og það veldur honum ugg. Þetta er fyrsta sumarið hans í nýju landnámi í Albertafylki og hann óttast næturfrost sem gæti eyðilaggt uppskeruna.

Bendið á innrímið í vísunni (það heitir *hringhenda* þegar orðin í öðru áhersluatkvæði hveftrar línu ríma saman (ó – gró – snjó – mó).

## Bls. 120 Að kveldlagi

*Hlér* var sjávarguðinn, einnig nefndur *Ægir*, eins og lesa má um í *Snorra-Eddu*. Firðirnir falla í faðm sjávarins (Hlés). Esjan minnir á konu sem leggst á bæn.

Vísan er ort við komuna heim til Íslands eftir 44 ára fjarveru í Vesturheimi. Stephan dvaldi á Íslandi í boði landa sinna um það bil hálf ár, ferðaðist um landið og var hvarvetna tekið sem stórhöfðingja. Bendið á einkenni hringhendunnar.

## Bls. 122 Við Drangey

Á ferð sinni um landið árið 1917 kom Stephan G. í Skagafjörð, fæðingarhérað sitt. Hann fór út í Drangey og minntist Grettis og sunds hans úr eyggi til að sækja eld. Bendið á hvernig Stephan sér Gretti fyrir sér. Höfuð á sundmanni í sjó sést ekki vel á löngu færi. En í hug Stephans gnæfir það hærra en glæsilegustu skip. Afrek Grettis er þannig myndgert á nýstárlegan hátt.

## Bls. 229 Kviksettur

Hópurinn sem fær þessa sögu lesi hana vel og fletti upp öllum torskildum orðum. Þið byrjið á að skýra bekknum frá ádeilunni í sögunni: hún beinist ekki aðeins að peningamönnum, stjórnámálamönnum, klerkum o.s.frv., heldur líka að fátæka fólkinu sjálfu sem lætur blekkjast af fagurgala ráðandi afla og svíkur að lokum þann sem vill veita því hjálp. Setjið anda þessarar sögu í samband við raunsæisstefnuna og samúð raunsæismanna með lítilmagnanum.

Bendið á táknræna merkingu nafna í sögunni og sýnið fram á að sá sem er kviksettur á föstudegi líkist Kristi sem var krossfestur saklaus á föstudaginn langa. Tala mætti um *vísun* í biblíuna í þessu sambandi: höfundurinn ætlast til að við leiðum hugann að krossfestingunni.

Endursegið þessu næst söguna (skiptist á um að segja frá). Endursögnin tekur sennilega um 15 mínútur. Þið segið frá með ykkar eigin orðum og vandið flutninginn. Þið gætuð lesið upp orðrétt kafla og kafla úr sögunni til að gefa nemendum sem skýrasta hugmynd um anda hennar.

Undirbúið einnig umræðustund um söguna sem færi fram eftir að þið hafið sagt hana. Fáid bekkjarfélagana til að segja álit sitt á boðskap hennar. Ræðið hvernig höfundurinn beitir háði, kaldhæðni, sbr. t.d. lok sögunnar: það er eins og um skemmtisamkomu sé að ræða. Þetta minnir á frægt kvæði eftir Stein Steinarr um mann sem var krossfestur á Valhúsaheðinni á Seltjarnarnesi og fólkið kom að horfa á hann. Finnið þetta kvæði (*Passíusálmur nr. 51*). Hugsanlega hefur Steinn Steinarr þekkt sögu Stepahns og hún orðið kveikjan að kvæðinu.

## 10. bekkur

### Bls. 34 Úr Íslendingadagsræðu

Eitt þekktasta og glæsilegasta kvæði Stephans G. Stephanssonar. Reynið að finna lag Sigvalda Kaldalóns við ljóðið og spilið það fyrir bekkinn.

Stephan G. ávarpar landa sína, dætur og syni Íslands. Hann tengir þá við eld og ís (takið eftir *andstæðunum*), fossa og hveru, holt og móa, veiðistöðvar og sker. Við verðum hluti af landinu okkar, og það er alveg sama hvað við förum langt og rötum víða: við losnum aldrei við þennan uppruna okkar. Þetta er ættjarðarkvæði eins og þau gerast best. En síðan heldur skáldið áfram og fer að tala um það land sem hvergi er til nema í hug okkar sjálfra, draumalandið. Þannig lyftist hugsunin upp á nýtt svið um leið og við erum minnt á að við þurfum alltaf að leita upp á við, reyna að bæta heiminn í kringum okkur.

### Bls. 36 Undir íslenskum fána

Eins og *Þó þú langförull legðir* er þetta ættjarðarkvæði. En einnig hér þróast kvæðið yfir í það að verða þjóðsöngur alls heimsins. Þótt Stephan G. væri mikill föðurlandsvinur var hann afar alþjóðlegur í hugsun.

Hópurinn fer vel yfir kvæðið og flettir upp torskildum orðum (sjá orðskýringar á bls. 37).

Skýrið orð og setningar. Dæmi: *Þjóðblettur þerrður af blóði/ í þig verði ei nokkur*: Enginn blóðugur smánarblettur á þjóðinni verði þurrkaður í þig, þ.e. megi þjóðin aldrei lenda í blóðugri styrjöld eða verða sér til minnkunar á annan hátt. Hér birtist vel friðarsinninn Stephan G. Æfið upplesturinn sérlega vel.

Fáninn sem Stephan yrkir hér um er hvítblái fáninn (*hvítbláinn*) sem síðar varð að víkja fyrir þeim þrílitá fána sem tekinn var upp árið 1915 og við eigum nú. Hvítbláinn er enn fáni ungmennafélaganna. Fáninn verður hér tákn all hins besta í lífinu. Ef til vill mætti segja að hann tákni hér einhvers konar verndara okkar (svipað og Fjallkonan). Skáldið setur kvæðið fram sem nokkurs konar ósk: það biður fánann að lýsa yfir okkur, minna okkur á hollustu við sig, gleðjast með glöðum og hneigja sig við grafirnar (sbr. það þegar fáninn er dreginn í hálfu stöng við útfarir). Af því að um ósk er að ræða verða sagnirnar eru yfirleitt í boðhætti eða *óskhætti*. Fáninn minnir skáldið á bendingu frá móður og orðsendingu frá bróður þegar mikið liggur við. Kvæðinu lýkur með þeirri fullyrðingu að við munum fylgja fánanum hvernig sem á standi. Bendið á að þessi heitstrenging skáldsins eigi vel við á þeim óvissutímum sem við lifum nú.

Rökstyðjið þá fullyrðingu að þetta kvæði hefði hentað vel sem þjóðsöngur Íslendinga. Gætuð þið fundið lag við ljóðið eða búið til nýtt lag?

## Bls. 38 Jón hrak

Hópurinn sem fær þetta kvæði þarf að lesa mjög vel athugasemdirnar á bls. 41 og orðskýringarnar á bls. 42.

Þið leggið áherslu á að hér sé lýst hæfileikamanni sem var fyrirlitinn af samtíma sínum. Hann átti sér í rauninni aldrei neina von um viðurkenningu, þessi lausaleikskrói, sem hugsaði öðruvísi en aðrir, hafði áhuga á landafræði, náttúrufræði, skáldskap og sögu en var minna gefinn fyrir líkamlegt erfiði. Þetta er samsagt ádeilukvæði í anda raunsæismanna sem lýsir miskunnarlausu samfélagi sem er löngu staðnað í kreddum og fordómum.

Lesið kvæðið fyrir bekkinn og vandið lesturinn (þið megið t.d. ekki segja *erfiði hann*, heldur *erfiðann*, því að annars raskast takturinn, hrynjandinn). Þið skiptist á um að lesa og reynið að láta hinar ólíku „raddir“ í kvæðinu njóta sín.

Reynið að skapa umræðu um kvæðið. Bendið m.a. á það hvernig skáldið notar stef úr þjóðsögu (um manninn sem liggur út og suður) sem kveikju að kvæði sínu en fer svo alveg sínar eigin leiðir til að lýsa meingölluðu samfélagi.

## Bls. 52 Leikslokin

Notið þessa hringhendu sem dæmi um *vísun*. Til að geta skilið erindið fullkomlega þarf lesandinn að þekkja til frásagnar Snorra-Eddu af *Gjallarbrúnni*. Þetta var brúin sem lá til Heljar og dauðir menn þurftu að fara yfir. Rifjið upp frásögnina af dauða Baldurs og því þegar Hermóður bróðir hans reið Gjallarbrúna og reyndi að fá Baldur heimtan úr helju.

Stephan segir hér ekki annað en það að það er alveg sama hvernig við veltum fyrir okkur heims- og trúmálum: við deyjum öll. Þið getið tengt þetta trúarhugmyndum Stephans sjálfs. Þótt hann tali um Gjallarbrúna og láti þannig að því liggja að við förum í annan heim eftir dauðann þá er hitt staðreynd að hann trúði ekki á annað líf. Hann trúði miklu fremur á að með grandvöru líferni yrði maðurinn eilífur í minningu þeirra sem lifa.

Bendið á innrímið. Setjið vísuna jafnframt í eðlilega orðaröð: Hvert sem skeið [þ.e. brautir] hugans hallast um galla .....

## Bls. 56 Áminning

Hér kemur skýrt fram að Stephan gerir ekki ráð fyrir lífi eftir dauðann. Við eigum að njóta þessa lífs við leik og ljóð, jafnvel þótt við séum stundum þreytt. Það er nógur tími til að hvíla sig í gröfinni!

## Bls. 60 Rammislagur

Hópurinn les vel athugasemdir og orðskýringar á bls. 62 og 63. Þið útskýrið fyrir bekknum helstu hugmyndir kvæðisins. Þetta er sigling upp á líf og dauða. Kannski mætti tala um lífssiglingu okkar allra. Öll tókum við áhættu í lífinu og hún gerir það einmitt eins ævintýrlegt og tilbreytingaríkt og raun ber vitni. Bendið félögum ykkar í bekknum á dansinn og hljóminn í kvæðinu. Þetta er sennilega lífsdans okkar sem við dönsum undir hljómkviðu örlaganna. Lesið síðan kvæðið fyrir bekkinn og þá birtist okkur hinn mikli hljómur þess, sbr. innrímið. Hljómur hringhendunnar hæfir efninu sérlega vel. Flutningurinn skiptir hér miklu máli. Það gerir minna til þótt áheyrendur skilji ekki hvert einasta orð því þið eruð búin að benda á meginhugsunina.

## Bls. 70 Hámenntun

Hér deilir Stephan G. harkalega á skólakerfið og þó einkum háskólamenntunina. Hann heldur því fram að skólalærdómurinn dragi úr sumum mönnum allt sem heitir sjálfstæði og gagnrýnin hugsun. Háskólamennirnir þori ekki að taka afstöðu, þeir verði líflausir og fái á sig lit feigðarinnar, bleika litinn.

## Bls. 76 Eftirköst

Lesið vel athugasemdirnar á bls. 78. Reynið síðan að átta ykkur sem best á innihaldi hvernar vísu. Í fyrstu vísunum bendir Stephan á að sér sé alveg sama hvað menn segi um kveðskap hans. Menn megi alveg reiðast; hann sé ekkert háður þeim; hann sé einungis háður veðrinu og veðrið sé alveg óháð skapi manna og reiðiköstum.

Stephan er sáttur við að vera bóndi og engum háður. Hann sendir þeim glósu sem þurfa að smjaðra fyrir yfirboðurum og bendir um leið á að bóndinn þurfi ekki að ráða fleðuskapinn (smjaðrið) í vinnu hjá sér (þannig persónugerir hann smjaðrið).

Síðan fer Stephan að tala um menntunina, sjá athugasemdirnar á bls. 78. Bendið sérstaklega á skilgreiningu skáldsins á hugtakinu menntun (Þitt er menntað afl og önd ...). Bendið einnig á það sem Stephan segir um lærdómshrókana (þeir eru andlegt ígulker ótal skólabóka). Þá gætuð þið rætt við hópinn um það hvort hann sé sammála Stephani um að hausinn sé troðinn út á nemendum (með minnisatriðum) og að slíkt sé á kostnað hugar og handar, þ.e. sjálfstæðrar hugsunar og handverks. Á það má benda að fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, Páll Skúlason heimspekingur, hefur nýlega haldið því fram að í íslenskum skólum hafi *menntun* ekki verið sinnt, hún hafi orðið að víkja fyrir *fræðslunni*. Skapið umræðu um þessa fullyrðingu Páls og hafið jafnframt kvæði Stephans í huga.

Í síðustu tveimur erindunum er aftur vikið að því að jafnvel hinir lærðu hafi ekki hlotið sanna menntun. Sjálfur segist Stephan í lokaerindi hafa reynt að verða sér úti um menntun í stopulum frístundum og á nóttunni meðan aðrir sváfu. Sú menntun fór að sjálfsögðu ekki fram í skólum.

## Bls. 82 Fjallið Einbúi

Sjá athugasemdir á bls. 83. Nafnið á fjallinu og lega þess (það stendur stakt) hefur heillað Stephan. Lyngtætlurnar stara á fjallið, kjarrviðinn sundlar o.s.frv. Þessar persónugervingar gefa ótvírætt í skyn að skáldið er með mannfólkið í huga. Einbúinn er sjálfstæður og haggast hvergi þó um hann næði. Ef þið hafið tíma væri gaman að líta á kvæði Stephans um Sigurð trölla (Andvökur I:509–522). Sigurður trölli bjó á þessum slóðum. Hann fór sínar eigin leiðir í lífinu (sótti t.d. ekki kirkju) en reyndist mun heilsteyptari í orðum og gerðum en sjálfur presturinn. Kvæðið Einbúi og einyrkinn Sigurður trölli eru andlegir bræður og auðvitað náskyldir skáldinu Stephani G.

## Bls. 86 Október

Lesið leiðbeiningarnar á bls. 87, t.d. það sem segir um afmælisdag skáldsins. Hafið jafnframt í huga að afmælis dagar minna óþyrmilega á gang tímans, ævin styttist með hverju ári sem líður! Vera má að Stephan sé farinn að hugsa um haustið í eigin lífi þó hann sé ekki nema 31 árs. Líklegra er þó að þetta sé fyrst og fremst óður til fegurðarinnar og haustsins eftir gott sumar.

## Bls. 88–104 Kvæði úr Víglóða

Hér gæti verið um stórt verkefni að ræða. Hópurinn ákveður hvað hann ætlar sér mikinn tíma í það og velur sér kvæði í samræmi við það, eitt eða fleiri af þeim átta kvæðum sem fjalla um fyrri heimsstyrjöldina. Lesið vel athugasemdirnar á bls. 88–89 og síðan athugasemdir við þau kvæði sem þið veljið ykkur (bls. 90–104). Athugasemdirnar við fjallkonukvæðið (bls. 103–104) gefa góða hugmynd um hve miklar óvinsældir Stephan G. bakaði sér meðal Vestur-Íslendinga með kvæðunum í *Víglóða*, ljóðabókinni um fyrri heimsstyrjöldina. Greinið bekknum frá þessu. Mælt er með að þið kynnið einnig kvæðin *Tíðindamaðurinn* (bls. 90), *Syndir feðranna* (bls. 92) og *Sláturtíðin* (bls. 94).

### Bls. 236 Morgunvindurinn

Þið lesið þessa örstuttu sögu fyrir bekkinn. Reynið að skapa umræðu um hana á eftir, t.d. um það hvað ánægjan skiptir miklu máli og hvað það getur verið alvarlegt að spilla henni.

### Bls. 237 Brot af fornsögu

Sagan er stutt og þið lesið hana fyrir bekkinn. Notið athugasemdirnar á undan sögunni til að gefa bekknum vísbendingu um innihaldið. Leggið meðal annars áherslu á það hvernig skáldið persónugerir ýmis lykilhugtök sem við þurfum sífellt að meta og ígrunda. Að loknum lestri reynið þið að skapa umræðu um söguna og það hvernig við túlkum hana. Ræðið meðal annars um mikilvægi þess að reyna hlutina sjálfur (og reka sig þá á og læra af því) en hlusta ekki bara á reynslusögur annarra. Ræðið einnig um það sem þið teljið skipta máli í lífinu og tengið það við þau hugtök sem rædd eru í sögunni.

### Bls. 272 Sjöundi dagurinn

Ræðið við bekkinn um innihald þessarar örsögu. Getið þið lýst ykkur sammála höfundinum um það sem hann segir um presta og ritstjóra?